

Húsnæðis Mannvirkja og Skipulagsstofnun (HMS)
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 21
105 Reykjavík

dags. 27.05.2025
Verkefnanúmer A303577

Gagnaver Verne við Valhallarbraut, Reykjanesbæ - Viðbrögð við umsögnum við matsskyldufyrirspurn

Verne Global ehf. hefur móttakið umsögn Náttúrufræðistofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES) og Reykjanesbæjar við matsskyldufyrirspurn fyrir uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafsvélum utanhúss sem er á samtals um 24.000 fermetra lóð. HMS óskaði einnig eftir umsögn Minjastofnunar sem ekki barst innan tilskilins frests.

HMS gaf frest til að skila umsögnum til 26. maí 2026. Umsagnir fela í sér ábendingar sem Verne Global ehf. hefur brugðist við og sjá má hér að neðan.

1 Náttúrufræðistofnun

Umsögn Náttúrufræðistofnun	Viðbrögð Verne Global ehf.
<p>Efni: Gagnaver Verne, Reykjanesbæ. Matskyldufyrirspurn.</p> <p>Vísað er til erindis frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 16. apríl 2026 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna áforma um uppbyggingu á Gagnaver Verne við Valhallabraut í Reykjanesbæ.</p> <p>Verne Global ehf. áformar uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafsvélum utanhúss á 24.000 m² lóð. Áætluð raforkuþörf fyrir hýsingu tölvukerfa verður allt að 120 MW auk álags frá öðrum innviðum gagnaversins s.s. kælikerfum. Gagnaverið verður byggt upp í þremur 40 MW áföngum. Framkvæmdatími er áætlaður frá 2026-2028.</p> <p>Helstu vistgerðir innan svæðisins eru hraungambravist og lyngmóavist. Lyngmóavist hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem að þarfnast verndar. Gróðurþekjunnar hefur þó verið raskað að hluta og því er ekki talið að fyrirhuguð framkvæmd hafi umtalsverð áhrif.</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum.</p>
<p>Eitthvað slámáfsvarp er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og nærliggjandi svæðum og ber að hafa það í huga. Einnig gætu mófuglar nýtt sér svæðið til varps þótt að þéttleikinn sé líklega ekki mjög mikill. Náttúrufræðistofnun hvetur til þess að forðast sem mest framkvæmdir á varptíma.</p>	<p>Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar og reynt verður að haga framkvæmdum þannig að þær raski fuglalífi sem minnst, til að mynda á varptíma, eftir því sem unnt er og meta þörf á viðeigandi mótvægisáðgerðum.</p>
<p>Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021 þar sem svæðið er þó nokkuð raskað fyrir. Hljóðmanir verða nýttar til að mýkja ásýnd byggingarinnar.</p> <p>Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allur frágangur á framkvæmdasvæði verði til fyrirmyndar.</p> <p>Virðingarfyllst, Nína Aradóttir Jarðfræðingur</p>	<p>Tekið er undir umsögn Náttúrufræðistofnunar að lögð sé áhersla á góðan frágang á framkvæmdasvæði, bæði á framkvæmdatíma og að framkvæmd lokinni.</p>

2 Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES)

Umsögn HES	Viðbrögð Verne Global ehf.
<p>Embættið telur að gert sé grein fyrir þáttum er varða mengunarþætti, mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir fyrir þeim. Starfsemin er undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vegna varaafsstöðva fyrir starfsemina. Breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem tóku gildi þann 27. mars sl. kunna þó að hafa þau áhrif að eftirlit með starfseminni færir yfir til UOS, ekki er búið skera úr því á þessum tímapunkti.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst geta átt við hlutverk og starfssvið embættisins. Staðhættir og upplýsingar í framlögðum gögnum gefa ekki tilefni til að embættið geri athugasemdir við matsskyldufyrirspurnina.</p>	<p>Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar HES um að breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kunni að hafa áhrif á hvaða stofnun hefur eftirlit með starfseminni.</p>

3 Reykjanesbær

Umsögn Reykjanesbæjar	Viðbrögð Verne Global ehf.
<p><i>Mál nr. 2026010494</i></p> <p>Efni: Gagnaver Verne við Valhallarbraut matskyldu fyrirspurn</p> <p>Verne Global ehf. áformar uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafsvélum utanhúss á 24.000 m² lóð. Áætluð raforkuþörf fyrir hýsingu tölvukerfa verður allt að 120 MW auk álags frá öðrum innviðum gagnaversins s.s. kælikerfum. Gagnaverið verður byggt upp í þremur 40 MW áföngum. Framkvæmdatími er áætlaður frá 2026–2028.</p> <p>Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst geta átt við hlutverk og starfssvið embættisins. Staðhættir og upplýsingar í framlögðum gögnum gefa ekki tilefni til að embættið geri athugasemdir við matskyldufyrirspurnina.</p> <p>Staðfest á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags 22. maí 2026</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum.</p>